11. gr. 47

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra og 1. gr. 8. sept.
laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfriholl, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG 48

8. sept.

um

viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfriholl, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.